

sjóð Íslands, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður-nefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem er orðinn og verður.

Mánudaginn 20. febr. 1928.

Nr. 76/1927.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Fr. Mensing (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 3. sept. 1927: Kærður, Friederich Mensing, greiði 12500 króna sekt í Landhelgisjóð Íslands og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðafæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem eru í botnvörpunum B. X. 161 »Durckwitz«, sje upptækt og renni virði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fallnægja með aðför að lögum.

Dómur hestarjettar.

Að því athuguðu, að upplýst er að misritast hefir í skýrslu varðskipsforingjans til hjeraðsdómarans um l. hornmælingu varðskipsins til skips kærða: »v. K. Portland 18°,5« í stað: v. K. Reynisfjall 18°,5 og að því viðbættu, að skip kærða, sem hafði botnvörpu í eftirdragi og ætla má að hafi gengið 2½—3 sjóm. á kl.stund, sást frá varðskipinu á siglingu út frá landi frá því kl. 7,47 að morgni og þangað til það var stöðvað a. m. k. rúmum stundarfjórðungi síðar á stað, sem ekki hefir verið vjefengdur og liggur 0,4 sjóm.

utan landhelgi, þykir enginn vafi geta leikið á því, að skip kærða hafi verið að veiðum innan landhelgi.

Það ber því að staðfesta lögreglurjettardóminn þó þannig að greiðslufrestur á sektinni teljist frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þess.

Kærði, Fr. Mensing, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, meðal annars málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Friederich Mensing, skipstjóra á þýska botnvörpunum B. X. 161 »Duckwitz« fyrir brot á lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi Íslands og eru málvextir þeir, sem nú skal greina.

Hinn 2. september kl. 0,7,54 var varðskipið Fylla við strandgæslu fyrir suðurlandi og tók þá eftirfarandi staðar-
ákvörðun:

vinstri hlið Portlands	
	> 20°
Varðan á Höttu	
	> 49°,3
Hægri hlið Hjörleifshöfða	

og sást þá til botnvörpungs í eftirfarandi stefnu:
botnvörpungurinn

> 18°,5

vinstri hlið Portlands

Botnvörpungurinn hafði stefnu frá landi og var sýnilega að veiðum og hafði þegar staðarákvörðunin var gerð sjest á útleið í ca. 7 mínútur.

Kl. 0,758 var tekin þessi staðarákvörðun:

vinstri hlið Portlands

> 22°

Varðan á Höttu

> 52°,7

Varðan á Hjörleifshöfða

Hornið til botnvörpungsins var þá:

botnvörpungurinn

> 16°

vinstri hlið Portlands

Þegar fyrsta athugunin var gerð var gefið stöðvunarmerki og kl. 0,758 og 0,800 var skotið lausum stöðvunarskotum.

Kl. 0,804 var varðskipið á eftirfarandi stað:

vinstri hlið Portlands

> 25°

Varðan á Höttu

> 65°

Varðan á Hjörleifshöfða

Hornið til botnvörpungsins var þá:

botnvörpungurinn

> 22°

vinstri hlið Portlands

Kl. 0,824 var varðskipið við botnvörpunginn og tók þá eftirfarandi staðarákvörðun:

vinstri hlið Portlands

> 37°,8

Varðan á Höttu

> 63°,7

Varðan á Hjörleifshöfða

Þá kom í ljós að þetta var botnvörpungurinn B. X. 181 »Duckwitz«, sem kærður er skipstjóri á og hafði bakborðsvörpu úti.

Staður sá, er botnvörpungurinn var tekinn á liggur 0,4

sjómilu utan landhelgi, en þar sem hann hafði allan tímann meðan athuganirnar fóru fram haft stefnu frá landi og samkvæmt miðunum verið minst 0,6 úr sjómilu innan landhelgi, var hann tekinn og farið með hann hingað til Reykjavíkur.

Kærður hefir neitað því, að hafa verið að veiðum innan landhelgi. Hann tók enga staðarmælingu, er hann var tekinn fastur en hefir skýrt frá því að hann hafi ca. 35 mínútum áður tekið eftirfarandi staðarathugun.

Portland í misvisandi N.N. W. $\frac{1}{2}$ W. og
(hægri hlið) Höfðabrekku í N.A.

Kurs sá, er hann kveðst hafa stýrt var í S. $\frac{3}{4}$ A. í ca. 10 mínútur og síðan beygt til S.W. til W. og haldið þeirri stefnu.

Hann hefir haldið sjer fast við þessar miðanir sínar sem eftir hans korti gefi staði fyrir utan landhelgi og mun utar en mælingar og athuganir varðsksipsins benda til.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að staðarathuganir kærðs geti ekki verið eins nákvæmar og athuganir varðsksipsins og geti því ekki hnekt þeim, þar sem mælingar varðsksipsins eru framkvæmdar af 3 yfirmönnum þess samtímis, sem hafa yfir fullkomnustu mælingartækjum að ráða, og sjerstaklega vill rjetturinn taka það fram að hann telur síðustu mælinguna, þar sem staður sá, er trollarinn var tekinn á, er mældur upp ugglausa, en þegar því er slegið föstu, kemur framburður kærðs um stefnur þær, er hann hafi stýrt og tímann, sem hver stefna var stýrð, heim við aðrar athuganir varðsksipsins og staðfesta þær þannig óbeint.

Rjetturinn verður því að telja sannað að kærður hafi verið að fiskiveiðum í landhelgi á umræddum slóðum.

Brot kærðs. sem ekki hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir landhelgisbrot, ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5 frá 1920. Refsing sú er hann hefir til unnið þykir eftir 3. gr. laganna sbr. 1. gr. laga nr. 4. frá 11. apríl 1924 hæfilega ákveðin 12500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands með tilliti til þess að gengi íslenskrar krónu er nú 81,74 gullaurar og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef bún er eigi greidd innan viku frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli sá, sem í skipinu er og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 24. febr. 1928.

Nr. 80/1927.

Valdstjórnin (Guðm. Ólafsson)

gegn

Fritz Rieschmüller (Svb. Jónsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 22. ág. 1917: Kærður, Fritz Rieschmüller, greiði 12500 króna sekt í Landhelgisjóð Íslands og sæti 6 mánaða einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem er um borð í botnvörpunum Westbank P. G. 272 sje upptækt og renni andvirðl þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða lögreglurjettar-dómi sá varðskipið Fylla skip kærða austur af Ingólfs-höfða kl. 1,05 f. h. þ. 19. ágúst f. á. og mældi þá þegar með kompásmiðunum og fjarlægðarmæli, að kærði var þá 0,8 sjómílu innan landhelginnar. Eftir þetta athugaði varðskipið, að skip kærða sigldi óslitinn stundarfjórðung sömu stefnu út frá landi og er varðskipið að liðnum þeim stundarfjórðungi kom að skipi kærða með botnvörpu úti, þá mældist það með nýjum kompásmiðunum varðskipsins að vera á landhelgislinunni, og kemur þetta heim við fyrri mælinguna eftir þeim hraða, sem ætla má, að skip kærða